

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Fornleifafræðideild**

**Tengsl fólks í**  
**miðaldaklaustrunum á Íslandi**

**Guðrún Helga Jónsdóttir**

**Einstaklingsverkefni C**

**FOR104F**

**Haust 2015**

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
1. Bakgrunnur og markmið .....	2
1.1. Biskupsstólarnir á Íslandi .....	3
1.2. Lög og valdaátök .....	3
2. Klaustrin og fólkið í þeim .....	5
2.1. Klaustrin fjórtán .....	6
2.1.1. Viðeyjarklaustur .....	6
2.1.2. Bær í Bæjarsveit .....	8
2.1.3. Hítardalur .....	9
2.1.4. Flatey og Helgafell .....	10
2.1.5. Þingeyrar .....	12
2.1.6. Reynistaður .....	15
2.1.7. Möðruvellir .....	18
2.1.8. Saurbær í Eyjafirði .....	20
2.1.9. Munkaþverá .....	20
2.1.10. Skriðuklaustur .....	23
2.1.11. Kirkjubæjarklaustur .....	24
2.1.12. Þykkvabæjarklaustur .....	26
2.1.13. Keldur á Rangárvöllum .....	28
3. Tengslanet og samskipti .....	29
Heimildir .....	31
Viðauki .....	33

## Inngangur

Þessi ritsmíð er gerð sem einstaklingsverkefni í fornleifafraeði við Háskóla Íslands haustið 2015. Það byggir á rannsókn minni *Rannsókn á ættum og tengslaneti klausturfólks á Íslandi á miðöldum* sem gerð var sumarið 2014 en hún var gerð samhliða og sem hluti af verkefninu *Kortlagning klaustra á Íslandi* undir stjórn dr. Steinunnar Kristjánsdóttur prófessors við Háskóla Íslands. Verkefnið sneri að því að safna saman nöfnum þeirra sem störfuðu við miðaldaklaustrin á Íslandi og hvort þau höfðu tengsl við fólk í öðrum klaustrum. Er ætlunin að fara enn dýpra í þau mál í þessu verkefni.

### 1. Bakgrunnur og markmið

Í rannsókn þessari, er athyglinni beint að fólkinu sem starfaði í klaustrunum á kaþólskum tíma. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvort mikil tengsl voru á milli klaustranna og hvers kyns þá. Klaustrin sem náðu að skapa sér sess eru skoðuð, en þau voru fjórtán talsins, stofnuð allt frá 1030, þegar klaustrið að Bæ í Borgarfirði var stofnað, til 1493 þegar Skriðuklaustur var stofnað. Þá höfðu liðið tæp tvö hundruð ár frá því að klaustur hafði verið stofnað á Íslandi, eða Möðruvallaklaustur 1296. Oftast er litið á að klaustrin hafi verið níu en ekki fjórtán eins og er fjallað um hér. Þau sem eru ekki talin venjulega með eru: Flatey (12 ár og flutt síðan að Helgafelli), Bær (19 ár), Hítardalur (41 ár), Saurbær (24 ár) og Keldur (~7 ár). Vissulega störfuðu þau í stuttan tíma en samt sem áður full ástæða til að skoða hverjir störfuðu og áttu hagsmuna að gæta þar.

Í viðauka er tímaás þar sem hægt er að átta sig á hvaða klaustur voru starfandi á sama tíma og hve lengi þau voru. Einnig er hægt að glöggva sig á hve mörg voru með starfsemi í hvoru biskupsdæminu fyrir sig (mynd 3).

### **1.1. Biskupsstólarnir á Íslandi**

Biskupsstólarnir á miðöldum voru tveir; í Skálholti og Hólum. Skálholtsbiskupsstóll náði „yfir byggðir frá Langanesi austur um firði og suður um land, vestur á firði og norður á Strandir allt að Hrútafjarðará“ (Guðrún Ása Grímsdóttir, 2006, bls. 21). Hólabiskupsstóll náði yfir heldur minna svæði eða milli Hrútafjarðarár í vestri og austur að Langanesi. Skálholtsbiskupsstóll var stofnaður 1056 með því að Ísleifur Gissurarson var vígður í Bremen sem biskup yfir Íslandi. Hann valdi Skálholt sem staðsetningu fyrir biskupsstólinn (Guðrún Ása Grímsdóttir, 2006, bls. 72). Árið 1801 var ákveðið að einn biskupsstóll yrði í landinu og voru þá bæði Skálholtsstóll og Hólastóll lagðir niður. Skyldi biskup þá hafa aðsetur í Reykjavík. Undir Skálholtsstóli voru sex (sjö ef Flatey er talin með) klaustur sem störfuðu flest í langan tíma: Viðeyjarklaustur, Flateyjarklaustur sem flutti og varð að Helgafellsklaustri, Hítardalsklaustur, Skriðuklaustur, Kirkjubæjarklaustur og Þykkvabæjarklaustur. Biskupsstóllinn á Hólum stóð frá 1106 og var lagður niður að konungsboði í Viðey 2. október 1801. Var þetta gert að ráði Chr. J. Vibe og Magnúsar Stephensens (Jón Þ. Þór, 2006, bls. 260). Undir Hólabiskupsstóli voru fjögur klaustur sem störfuðu til langs tíma, það eru: Þingeyrarklaustur, Munkaþverárklaustur, Reynistaðaklaustur og Möðruvallaklaustur.


### **1.2. Lög og valdaátök**

Í landinu var farið eftir einum lögum sem voru í Grágás frá 930–1270. Kirkjulög voru í gildi frá því um 1133 en þau höfðu verið skráð á árunum 1122–1133. Þau voru seinna sett inn í landslög sem sérstakur kafli (Sigurður Línal, 2012, bls. 119). Átök sem hófust um 1180 um gildi kirkjulaganna gagnvart landslögum voru kölluð *Staðamálin fyrri*. Átök af svipuðum meiði var um alla Evrópu á sama tíma. Hér á landi var Þorlákur helgi Þórhallsson í fararbroddi, þar sem kirkjan krafðist víðara valds í dómsmálum klerka og einnig að ná forræði yfir kirknaeignum. Kirkjan innheimti inn tíund af eignum fólks sem eigendur kirkjujarða fengu í sinn hlut  $\frac{1}{4}$  og  $\frac{1}{4}$  hluti rann til prestanna sem bjuggu yfirleitt á kirkjujörðum. Kirkjurnar voru undanþegnar tíundargreiðslum. Þannig fengu jarðareigendur kirkjujarðanna stóran hluta tíundarinnar. Kirkjujarðaeigendur gáfu sínum kirkjum stóran hluta eigna sinna til að komast hjá að greiða tíund sjálfir (Lára Magnúsardóttir, 2007; Jón Jóhannesson, 1956).

Eftir að Noregskonungur hafði náð yferráðum yfir landinu 1262 fékk landið ný lög sem Magnús Noregskonungur „lagabætur“ samdi. Nefndist þessi lögbók Járnsíða og var lögtekin 1271–1273. Hún þótti ekki henta íslenskum aðstæðum og var samin ný lögbók. Það var Jónsbók en hún er kennd við lögmanninn Jón Einarsson sem var aðalhöfundur hennar (Sigurður Línadal, 2012, bls. 121–122). Deilur byrjuðu aftur, svokölluðu *Staðamálin síðari*, þegar var samþykkt á Alþingi ný kirkjulög eða *Kristinréttur hinn nýi* eftir Árna Þorláksson Skálholtsbiskup gaf út. Með þeim krafðist Árni ákærvalds og dómsvalds í siðferðismálum kirkjunnar til handa og yferráðum yfir kirkjustöðum. Sættir urðu 1297 í þessum deilum þannig að jarðeignir sem kirkjan átti yrði undir forræði biskups og þær sem leikmenn ættu á móti kirkjunnar skyldu vera undir forræði þeirra (Sigurður Línadal, 2012, bls. 125).

## 2. Klaustrin og fólkið í þeim

Í þessum kafla er farið yfir nöfn starfsfólks klaustranna hverju fyrir sig. Klaustrunum er raðað eftir því hvar þau standa landfræðilega og er byrjað á Viðey og endað á Keldum og er röðunin frá vestri til austurs og farið norður fyrir landið. Öll klaustrin eru talin með hvort sem þau störfuðu í stuttan eða langan tíma og eru þau því fjórtán talsins (sjá mynd 1). Miðaldaklaustrin á Íslandi voru ýmist að reglu Benedikts eða Ágústínusar. Ef þau voru Ágústínusar var biskup í þess umdæmi ábóti þess, en yfirmaðurinn á staðnum var príor eða príorissa ef um nunnuklaustur var að ræða. Klaustur að reglu Ágústínusar voru einnig kölluð kanokasetur. Á Íslandi störfuðu fimm að reglu Benediktína og þrjú Ágústína af þeim sem störfuðu í langan tíma.



Mynd 1. Klaustrin og biskupsstólarnir fram að siðskiptum (©Kortlagning klaustra á Íslandi)

Heimildirnar skapa sín takmörk og mest er vitað um þá sem voru yfirmenn í klaustrunum. Þær heimildir sem notaðar voru aðallega eru greinaflokkur sem Jónas Guðlaugsson skrifaði um sögu klaustranna og birtust fyrst í Sunnudagsblaði

Alþýðublaðsins árið 1966 og síðar í Sunnudagsblaði Tímans 1966–1967. Einnig reyndist drjúgt ritið *Um klaustrin á Íslandi* sem Janus Jónsson skrifaði 1887. Aðrar heimildir sem nýttar voru eru *Íslenskar æviskrár*, *Íslenskir annálar*, *Biskupasögur* og fleiri. Heimildirnar ná fyrst og fremst til yfirmanna klaustranna. Einnig eru til nöfn munkanna og nunna en minna er vitað um nöfn á leikmönnum og öðru starfsfólki þar. Nokkrar heimildir eru um þá sem voru staðarhaldarar eða ráðsmenn en það voru undantekningarlaust karlmenn. Heimildir eru um allavega eitt klaustur sem að stóð til að stofna en varð ekki. Magnús Einarsson biskup í Skálholti hafði ætlað að koma upp munkaklaustri í Vestmannaeyjum. Hann hafði keypti stóran hluta eyjanna í því skyni (Bisk.s. I, 77; Hist eccl IV, 27). Það varð ekkert af því þar sem Magnús brann inni í Hítardal árið 1148 og sjötíu manns að auki (Janus Jónsson, bls. 180–181; Safn til sögu Ísl. I, 1853, bls. 30). Hefði það orðið annað klaustrið á Íslandi á þessum tíma, á eftir Þingeyrum, en á þessum tíma hafði klausturlíf í Bæ liðið undir lok. Sagt er að tilraun hafi verið gerð til klausturstofnunar í Stafholti í Mýrarsýslu, en það eru hugsanlega sögusagnir eða tilraunin hafi ekki orðið að neinu (Hist. eccl. IV., 28; K. Kålund, 1877–1882, bls. 362).

## **2.1. Klaustrin fjórtán**

### **2.1.1. Viðeyjarklaustur**

Klaustrið í Viðey starfaði 1226–1539, bæði eftir reglu Ágústínusar og Benedikts. Þorvaldur Gissurarson prestur í Hruna fór þess á leit við Kolskegg Eiríksson (d. 1223) í Stóra-Dal undir Eyjafjöllum, að leggja til fé til stofnunar klaustursins. Kolskeggur var barnlaus og erfði hann systurdóttir sem hét Hallveig Ormsdóttir. Þorvaldur var forráðamaður hennar en hún var ekkja eftir Björn, son Þorvaldar, sem féll í bardaganum á Breiðabólstað árið 1221. Þorvaldur fékk Snorra Sturluson í lið með sér, en Gissur, sonur Þorvaldar, giftist dóttur Snorra, Ingibjörgu. Hallveig Ormsdóttir réðist til Snorra í Reykholt og giftust þau árið 1224 (Íslenskt fornbréfasafn, 1857–76, bls. 279). Þorvaldur keypti Viðey árið 1224 og stofnaði klaustrið 1226 (Janus Jónsson, 1980, bls. 241–242).

1226–1235 Þorvaldur Gissurarson stofnandi varð príor og réðust fimm til klaustursins þá.

1235–1245 Styrmir Kárason prestur var príor (d. 1245). Hann var lengi hjá Snorra Sturlusyni í Reykholti og fór erinda hans oft (Safn til sögu Ísl II, 1886, 27–28). Hann var einn af frumhöfundum Landnámu og annarra sagnarita.

- 1247–1249 Arnór sonur Digur-Helga staðarhaldara á Kirkjubæ varð fyrsti ábótinn (Ísl. fornbr.safn I, 1857–76, bls. 393). Móðurbróðir Odds og Þorvarðs Þórarinssonar úr Sturlungu.
- 1226–1235 Leggur (d. 1238) Torfason? (hugsanlega kanoki eða príor) ekki minnst á hann í ábótatali Hauks lögmans, en í því er ekki minnst á þá sem voru kanokar eða príorar.
- 1250–1299 Runólfur Ólafsson verður ábóti, sammæðra Hafurbirni Styrkárssyni í Nesi, miklum höfðingja. Runólfur særðist í bardaganum í Bæ í Borgarfirði 1237 (Bisk.sögur I, bls. 685).
- 1305–1325 Andrés drengur (vígður með Andrésarnafni), sviptur ábótadæmi óvíst fyrir hvað. Var áður kanoki í Þykkvabæjarklaustri. Talinn Ormsson Klængssonar, kanoka í Viðey, Teitssonar (Jónas Guðlaugsson b, 1967, bls. 630).
- 1325–1343 Helgi Sigurðsson ábóti (d. 21. des 1343), áður kanoki í Þykkvabæ.
- Þorvaldur munkur, var lengi í Noregi með Hákonni Björgvinarbiskupi var á dögum Helga í Þykkvabæjarklaustri.
  - Árið 1342 dvelur Þorlákur Loftsson fyrrum ábóti í Þykkvabæ hjá Helga, en hann hafði flúið Þykkvabæjarklaustur vegna deilna við bræður.
  - Árið 1344 Breytti Jón Sigurðsson Skálholtsbiskup Viðeyjarklaustri í Benediktsreglu en það var Ágústínusarregla áður.
- 1344–? Sigmundur Einarsson príor
- Árið 1352 aftók Gyrðir Ívarsson biskup í Skálholti Benediktsreglu og setti aftur Ágústínusarreglu
- 1352–1364 Bjarni/Björn Auðunarsson ábóti (d. 1364) (Hist. eccl. II bls. 103), talinn sonur Auðuns prests í Selárdal Krákssonar.
- 1364–1369 Jón munkur frá Þykkvabæ (ekki föðurnafn) ábóti.
- 1370–1379 Jón Guðmundsson ábóti (Íslenskir annálar, 1847, bls. 330).
- 1379–1379 Gísli Magnússon ábóti í nokkra mánuði en dó sama ár.
- 1379–1403 Páll Magnússon kjarni ábóti, mesti fjáraflamaður sem setið hefur í Viðey. Dó í svarta-dauða 1403.
- 1403–1405 Ábótalaust í Viðey.
- 1405–1428 Bjarni Andrésón ábóti (d. 1428), sonur Andrésar Gíslasonar hirðstjóra í Mörk undir Eyjafjöllum.
- 1441–1444 Gerrek Lundikin, norskur klerkur skipaður ábóti. Ekki vitað hvort hann hafi komið til landsins.



- 1444–1481 Steinmóður Bárðarson ábóti. Faðir hans er talinn Bárður Njálsson prestur á Kálfafelli Bárðarsonar. Steinmóður var áður djákni og prestur Hólabiskupsdæmis á tíma Jóns Vilhjálmssonar.
- ?–1494 Jón Árnason ábóti, nefndur í Píningsdómi 1490, en hann var með að samþykkja hann á alþingi. Hann lenti í átökum við enska kaupmenn í Hafnarfirði sem rændu fiski frá ábóta og barðist með yfir 30 manns og slasaðist í átökunum. Dó í sótt sem gekk (að líkindum svartidauði sem gekk 1494–1495) (Janus Jónsson, 1980, bls. 247).
- 1494–1515 Árni Snæbjörnsson varð ábóti (Hist.eccl IV, bls. 88). Áður prestur í Maríukirkju í Hruna og ráðsmaður í Skálholti, officialis 1486–93. Eitt af börnum hans var Gunnur sem giftist Halldóri auðga Brynjólfssyni í Tungufelli. Viðeyjarkirkja eyðilagðist í hans tíð. Var sonur Snæbjörns Helgsonar Árnasonar að Héðinshöfða (Páll Eggert Ólafsson, 1948, bls. 70).
- 1515–1519 Ögmundur Pálsson ábóti. Hafði verið prestur í Skálholti og Breiðabólstað í Fljótshlíð. Hafði verið stýrimaður og formaður á kaupskipi hjá Stefáni biskupi. Árið 1519 vísiteraði Stefán biskup Viðey og hélt Ögmundur honum mikla veislu. Þá drap Erlendur Þorvarðarson, frændi biskups, Orm Einarsson, systurson ábótans. Þá hreinsaði biskup klaustrið og hét ábóta að hann skyldi verða eftirmaður sinn í biskupsembættinu. Þegar Stefán dó skömmu síðar varð Ögmundur síðasti kaþólski biskupinn í Skálholti og ríkti 1521–1542. Hann dó í Sóreyjarklaustri í Danmörku 1542 (Janus Jónsson, 1980).
- 1521–1528 Helgi Jónsson ábóti, prestur í Hvammi Norðurárdal, gaf þá Skálholtsbiskupsdæmi Hvamm, Galtarhöfða og Sanddalstungu.
- 1528–1533 Gísli ábóti, var áður aðstoðarábóti 1524–1528. Sagði af sér embætti.
- 1533–1539 Alexíus Pálsson, áður prestur á Þingvöllum, officialis 1530. Var hann síðasti ábótinn í Viðey (Ísl. æviskr 1.b., bls. 4). Orðinn prestur á Þingvöllum 1513. Fluttist að Klausturhólum 1539 og aftur 1551 þar sem hann bjó til æviloka. Sonur hans var Þorleifur lögréttumaður.
- 1539 Þá réðust danskir fulltrúar með Diðrik frá Minden í fararbroddi á klaustrið og rændu það (Árni Daníel Júlíusson, 2013, bls. 21).
- 1542 Voru þessir munkar í Viðey: Pétur, Þorleifur, Hallvarður og Jörundur klukkari.

### 2.1.2. Bær í Bæjarsveit

Klaustur starfaði að Bæ 1030–1049. Hröðólfur (Rúðólfur) var enskur biskup sem kom til landsins 1030. Bjó fyrst á Lundi í Lundareykjardal og síðar á Bæ þar sem hann kom á fót munklífi. Hann fór til Englands 1049 þar sem gerðist ábóti í Abington og lést þar árið 1052 (Janus Jónsson, 1980, bls. 179–180). Sagt að hann hafi skilið eftir þrjá munka að Bæ en munklífi hafi liðið undir lok þar (Bisk.s. I., 65; Ísl. fornbr.s. I, 65; Finnur Jónsson,

87). Ekki eru til nöfn munkna en Jónas Guðlaugsson (Tíminn 1967) getur sér til að Guðlaugur, sonur Snorra goða á Helgafelli, hafi verið um tíma í klaustrinu.

### 2.1.3. Hítardalur

Klaustur að Hítardal starfaði 1166–1207 og var þar Benediktsregla. Klængur biskup fær Þorleif beiskalda til að gefa jörðina undir klaustur eftir brunann þar 1148 þegar Magnús Einarsson Skálholtsbiskup og margir tugir manna brunnu inni. Þorleifur var höfðingi sem bjó í Hítardal á þessum tíma. Hann hafði bjargast úr brunanum.

?–1169 Brandur Halldórsson próior. Foreldrar voru Halldór Brandsson og Þorkatla Þorgrímsdóttir (Páll Eggert Ólafsson, 1948, bls. 266). Brandur skrifaði ættfræðirit sem kallað var Breiðfirðingakynslóð og er glatað (Jónas Guðlaugsson, 1967).

1169–1177 Hreinn Styrmisson (d. 1177). Ábóti fyrst í Hítardal og síðan á Þingeyrum. Foreldrar hans voru Styrmir Hreinsson og Guðrún Snorradóttir Halldórssonar goða á Helgafelli (Páll Eggert Ólafsson, 1948, bls. 375). Börn með Hallberu Hrafnadóttur (lögsögum. Úlfhéðinss.) voru: Valdís og Þorbjörg (fylgdi Gissuri Hallsyni í Haukadal). Var lærisveinn Jóns helga. Hreinn er sagður ábóti frá stofnun klaustursins í ábótatali Hauks lögmans (Hið Íslenska Bókmenntafélag, 1857, bls. 31).

1177(?)–1201 Hafliði Þorvaldsson ábóti.

1201–1202 Arnþór Eyjólfsson ábóti (d. 1202).

Í ábótatali Hauks (Biskupasögur I) er getið um 3 lausábóta:

– Þorstein Þorláksson (d. 1224) hugsanlega af ætt Þorleifs beiskalda.

1218 – Runólf Sighvatsson (d. 1237) ábóti; heimildum ber ekki saman um hvar hann starfaði. Finnur Jónsson (Eccl. Isl.) segir hann hafa verið prestur. Hann var faðir Sighvats djákna.

– Lambkár Þorgilsson (d. 1249) sonur Þorgils Gunnsteinssonar prests á Stað á Reykjanesi. Var lengi með Guðmundi biskupi Arasyni. Dvaldi með Sturlu Þórðarsyni á Staðarhóli í elli sinni (Janus Jónsson, 1980).

#### 2.1.4. Flatey og Helgafell

Klaustur var stofnað í Flatey og rekið þar 1172–1184. Var það síðan flutt á Helgafell og var rekið þar frá 1184–1550. Starfaði það eftir Ágústínusarreglu. Ögmundur Kálfsson var hvatamaður að stofnun klaustursins og lagði til eignir. Klængur biskup Þorsteinsson vígði klaustrið 1172 í Flatey (Janus Jónsson, 1980). Ýmislegt bendir til að Þorsteinn Gyðuson bóndi í Flatey hafi átt þátt í stofnun klaustursins og lagt til fé (Jónas Guðlaugsson, 1966, bls. 319).

##### Klaustur í Flatey:

1172–1184 Ögmundur Kálfsson ábóti, drukknaði 1187 eða 1188 (Biskupasögur I. Bls. 300). Klaustrið var flutt úr Flatey í Helgafell í hans tíð 1184.

Getið um þrjá kanoka þar: Eyjólfur, Ólafur og Guðmundur.

##### Klaustur að Helgafelli:

1184–1187 Ögmundur Kálfsson ábóti.

1187–1216 Þorfinnur Þorgeirsson ábóti. Sonur Þorgeirs landhöfða Þorgeirssonar og Margrétar Höskuldsdóttur læknis.

1217–1220 Ketill Hermundarson frá Gilsbakka. Sonur Hermundar Koðránssonar og Hallfríðar Runólfsdóttur. Var kapelán (aðstoðarprestur) Páls biskups. Föðursystir hans var gift Þorleifi beiskalda í Hítardal en ýmiss konar tengsl voru milli Helgafells og Hítardals á 12. öld (Hermann Pálsson, 1967).

1221–1224 Hallur Gissurarson (d. 1230) ábóti, bróðir Magnúsar biskups í Skálholti (Hermann Pálsson, 1967) og Þorvaldar í Hruna, sem stofnaði Viðeyjarklaustur. Sonur Gissurar Hallssonar, Teitssonar, Ísleifssonar biskups. Varð síðar ábóti í Þykkvabæ 1225. Var hann lögsögumaður 1201–09, sagði af sér og gekk í klaustur og varð ábóti að Helgafelli. Dóttir hans og Herdísar konu hans (systir Hrafns Sveinbjarnarsonar á Eyri í Arnarfirði) voru Hallfríður, launsonur: Magnús prestur d. 1245 (Páll Eggert Ólafsson, 1949, bls. 297).

1226–1244 Hallkell Magnússon ábóti.

1244–1258 Lítið vitað hver stjórnaði klaustrinu.

1258–1302 Ólafur Hjörleifsson ábóti, Snæfellingur bróðir Arons Hjörleifssonar sem er kunnur frá Sturlungaöld. Biskup sendi hann til Hítardals til að sækja fé og staðarráð, en Ketill Loptsson bjó í Hítardal á þessum tíma. Ketill hafði heitið biskupi á alþingi að láta staðarráðin í hendur hans en þegar til kom lét hann menn biskups ekki fá kirkjuféð (Janus Jónsson, 1980).

– á tíma Ólafs var ráðsmaður á Helgafelli sem hét Marteinn Mátsson (Janus Jónsson, 1980).

1305–1308 Guðmundur ábóti Þorvarðsson. Hafði verið munkur í Þykkvabæjarklaustri.

- 1308–1324 Þórður Guðmundsson (d. 1343), ábóti, var áður kanoki í Viðey. Sviptur ábótadæmi 1324 af Jóni Halldórssyni biskupi er Jón var í vísitasúferð um Vestfirði.
- 1324–1328 Þorsteinn Þorvaldsson vígður ábóti þegar Jón biskup hafði tekið ábótadæmið af Þórði Guðmundssyni.
- 1328(?)–1344 Þorkell Einarsson ábóti, var áður kanoki í Viðey. Var sviptur ábótadæmi 1344 af Jóni Sigurðssyni Skálholtsbiskupi. Fór þá Þorkell utan (Janus Jónsson, 1980).
- 1344/5–1350 Þorsteinn böllóttur, sonur Snorra Markússonar lögmanns á Melum.
- 1352–1378 Ásgrímur ábóti (Jónsson skv. Íslenskum æviskrám og Íslenskum fornritum III. Bindi bls 312) (d. 1378) gerði mikil jarðakaup (Jónas Guðlaugsson, 1966, bls. 320) Sonur Jóns Ásgrímssonar riddara og prests, Þorsteinssonar (Páll Eggert Ólafsson, 1948, bls. 97). Í Íslensku fornbréfasafni III. b. er þessi getið að Halldóra Þorvaldsdóttir hafi gefið klaustrinu jarðirnar Hóla, Garða og Þæfustein í próventu árið 1364. Þessar jarðir eru við Snæfellsjökul (Íslenskt fornbréfasafn III b., bls. 201).
- 1378–1389 Guðmundur Arason (d. 1390). Í Íslenskum æviskrám er hann sagður vera ábóti 1379–90 (Páll Eggert Ólafsson, 1949, bls. 123).
- 1390–1403? Þorsteinn Snorrason ábóti, sonur Snorra kyngis prests og officialis, Þorleifssonar. Frændi Þorsteins böllótts. Hann dó 1403 í plágunni miklu.
- Árið 1403 gefur Kristín Guðmundsdóttir klaustrinu jörðina Kálfárvelli í próventu (Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 445).
- 1403–1416 Vermundur Örnólfsson ábóti, sonur Örnólfs Jónssonar á Staðarfelli. Var áður prestur í Selárdal og Hjarðarholti í Dölum.
- Árið 1416 gefur Árni Helgason jarðirnar Látur í Aðalvík og Höfða í Grunnavík sem og 12 kúgildi (Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 247).
- 1416–1429 Óvíst hver var ábóti þá.
- 1425 Skutu menn Hannesar Pálssonar hirðstjóra og Balthasars mann til bana í kirkjugarðinum á Helgafelli og skemmdu klaustrið. Stóð kirkjan í 4 ár sönglaus og klaustrið brotið. Árið 1429 kom Jón Vilhjálmsson biskup á Hólum og hreinsaði kirkjuna, klaustrið og kirkjugarðinn og vígði Njál Bárðarson ábóta þar (Janus Jónsson, 1980).
- 1429–1439 Njáll Bárðarson ábóti (d. 1439). Stóð í deilum vegna hvalreka í Keflavík. Páll Bjarnason prestur í Miklaholti hafði tekið hann hálfan. Biskup skipaði Þorstein Svathöfðason prest til að dæma í málinu og endaði með að Páll prestur þurfti að skila helmingnum til ábóta (Janus Jónsson, 1980).
- 1439?–1450? Þorsteinn ábóti (d. 1450).

- 1450?–1453 Jón Þorkelsson ábóti.  
– sama ár og Jón vígðist var Páll Ólafsson munkur að Helgafelli bannfærður fyrir barneign.
- 1463–1470 Jón Pálsson ábóti.
- 1470–1477 Magnús Eyjólfsson (d. 1490) ábóti, sonur Eyjólfss mókolls eldra Magnússonar í Haga á Barðaströnd. Verður Skálholtsbiskup 1477.
- 1480–1509 Halldór Ormsson ábóti (d. 1513). Hann var kirkjuprestur í Skálholti 1462–1463, ráðsmaður þar þrívægis, officialis um hríð og síðan ábóti að Helgafelli (Ísl æviskr. II. B. Bls. 267). Klaustrið eignaðist margar jarðir í tíð hans. Börn hans voru Eiríkur á Álftanesi og Katrín gift Einari hirðstjóra, umboðsmanns á Hofsstöðum í Miklaholtshreppi.
- 1512–1527/28 Narfi Ívarsson ábóti, sagði af sér um 1527 (Janus Jónsson, 1980) var síðasti ábótinn er hann tók aftur við því 1550. Hafði verið aðstoðarmaður Halldórs Ormssonar fyrr.
- 1528–1544 Halldór Tyrfingsson, ábóti, áður prestur á Staðarhóli 1495 (Páll Eggert Ólafsson, 1948, bls 274).
- 1543 Klaustrið tekið á konungsvald. Pétur Einarsson tók klaustrið og var þá ábóti þar Halldór Tyrfingsson og þrír bræður: Ólafur, Jón og Gunnar. Þeir fóru nauðugir og er sagt að þeir hafi verið berhöfðaðir og berfættir.
- 1550 Gefið út konungsbréf um stofnun skóla á Helgafelli. Í Íslenskum annálum segir að aðeins tveir munkar séu eftir og hagi þeir sér ósæmilega (Janus Jónsson, 1980). Sama ár fer Jón Arason biskup til Helgafells til að koma þar aftur á klausturlifnaði. Jón setti Narfa Ívarsson aftur sem ábóta, en hann var orðinn aldraður. Þessi tilraun rann út sandinn því Jón var líflátinn 1550.

### 2.1.5. Þingeyrar

Klaustur á Þingeyrum var rekið 1133–1551, og var þar Benediktsregla. Jón Ögmundsson Hólabiskup heitir á vorþingi 1100 á Þingeyrum, að koma á fót klaustri þar. Það hafði verið köld veðráttta og hét Jón því að reisa bæ og kirkju, með samþykki allra. Eftir það hafi veðurfar lagast til muna (Biskupasögur I, 2003, 227–8). Talið er að fyrst ábúandinn hafi verið Þorkell Trandill sem var fóstbróðir Jóns frá því í Skálholti.

- 1133–1148 Vilmundur Þórólfsson var fyrsti ábóti. Hafði verið í umsjá Jóns Ögmundssonar og í skólanum á Hólum sem Jón kom á fót (Janus Jónsson, 1980, 188). Talinn sonur Þórólfs Sigmundssonar höfðingja á Norðurlandi.

- 1153?–1158 Nikulás Sæmundsson ábóti, næstur á eftir Vilmundi. Ekki vitað hvenær vígður en hann var við klaustrið 1153. (Er sagður sami í Hist eccl IV Finns Jónssonar, bls. 30 og var við Munkaþverá, hann var Bergþórsson svo ekki er það víst).
- 1157 Brennur allt klaustrið (Finnur Jónsson, 1778 bls. 31).
- 1158?–1161 Ásgrímur Vestliðason (d. 1161 eða 1162) ábóti er sagður hafi tekið við af Vilmundi í ábótatali hinu forna sem Haukur lögmaður tók saman (Hið íslenska bókmenntafélag, 1857, bls. 28).
- 1161–1166 Þorbjörn (ekki nefndur í Klausturtali Janusar). Sagt að hann hafi tekið við 1162 í ábótatali Hauks lögmanns. Hann er nefndur í Rímbeglu einnig sem og Ögmundur. Þessir tveir hafa hugsanlega verið munkar við klaustrið.
- 1166–1169 Hreinn Styrmisson ábóti. Talinn hafa dáið 1171 (Páll Eggert Ólafsson, 1948, bls. 375). Var áður ábóti í Hítardal. Foreldrar: Styrmir Hreinsson og Guðrún Snorradóttir Halldórssonar goða. Börn með Hallberu Hrafnadóttur lögsögumanns Úlfhéðinssonar: Valdís, Þorbjörg (fylgdi Gissuri Hallsyni í Haukadal). Var lærisveinn Jóns Ögmundssonar biskups. Dóttursonur Snorra goða á Helgafelli.
- 1169–1181 Karl Jónsson ábóti, sagði af sér og fór til Noregs og dvaldi með Sverri konungi og skrifaði sögu hans (Jónas Guðlaugsson, 1966).
- 1181–1187 Kári Runólfsson ábóti (d. 1187 eða 1188), sonur Runólfs skáld og munks á Helgafelli, Ketilssonar Hólabiskups Þorsteinssonar.
- Erlendur rauði munkur.
- 1187–1207 Karl Jónsson ábóti, sami og 1169–1181. Þingeyrarklaustur í miklum blóma.
- Oddur Snorrason munkur; skrifaði sögu Ólafs Tryggvasonar konungs á latínu
  - Gunnlaugur Leifsson munkur ; skrifaði einnig sögu Ólafs Tryggvasonar konungs og sögu Jóns Ögmundssonar (Janus Jónasson, 1980; Biskupasögur II, 1858).
- 1207–1255 Þórarinn Sveinsson ábóti (d. 1253 eða 1255).
- Vermundur Halldórsson prestur staðarhaldari á tíma Þórarins.
  - Styrmir (d. 1245) hinn fróði Kársson/[Kárason] var í klaustrinu á þessum tíma (hugsanlega sem leikmaður) síðar príor í Viðey.
  - Guðmundur dýri, munkur. Dó þar 1213.
  - Guðmundur grís, munkur. Dó þar 1210. Var faðir Magnúsar goða, seinna biskupsefnis í Skálholti.
- 1255–1279 Vermundur Halldórsson ábóti (d. 1279) (sagður stundum Njálsson) áður staðarhaldari.

- Hafliði prestur Steinsson staðarhaldari (d. 1319) hafði verið lengi á Hólum (Janus Jónsson, 1980).
- 1280–1299 Bjarni Ingimundarson ábóti (d. 1299).
- 1300–1309 Höskuldur ábóti (d. 1309) dó „mannaauðavorið“ (Janus Jónsson, 1980, bls. 186).
- 1310–1338 Guðmundur Þorsteinsson (d. 1339 á Munkaþverá en jarðaður á Þingeyrum) systursonur Höskuldur ábóta hér á undan. Tók til sín 1313 Lárentíus Kálfsson sem varð síðar biskup (Janus Jónsson, 1980). Átti í deilum við Auðun Hólabiskup rauða Þorbergsson vegna tíunda klaustursins og var erlendis vegna þeirra 1318–1320 til að fá stuðning erkibiskups í Noregi. Sættir komust á með ábótanum og Lárentíusi biskupi (sem varð biskup eftir Auðunn) árið 1326. Settist sem munkur í Munkaþverárklostri eftir Þingeyrar 1338 (Páll Eggert Ólafsson, 1949, bls. 121).
- 1313
  - Lárentíus Kálfsson (síðar biskup) vígður til munklags ásamt syni sínum Árna.
  - Bergur Sokkason vígður til munklags, síðar ábóti að Munkaþverá.
  - Björn Þorsteinsson, bróðir Guðmundar ábóta var príór á meðan ábóti fór til Noregs 1318–1320, til að fylgja máli sínu við erkibiskup.
  - Benedikt Kolbeinsson ráðsmaður klausturs (Jónas Guðlaugsson, 1966).
- 1340–1341 Björn Þorsteinsson ábóti, áður ábóti á Munkaþverá (vígður 1334–1340).
- 1341–1344 Þorgeir príór stjórnaði klaustrinu á meðan var ábótalaust.
- 1344–1345 Eiríkur bolli prestur Þorsteinsson varð ábóti. Sviptur embætti af Ormi Áslákssyni Hólabiskupi (Janus Jónsson, 1980).
- 1345–1350 Stefán Gunnlaugsson (d.um 1350) áður Munkaþverarábóti (hafði verið þar 1339).
- 1350–1361 Arngrímur Brandsson ábóti (d. 1361). Prestur í Odda 1334. Var áður munkur á Þingeyrum 1341. Sonur Brands Eyjólfssonar skógar, í Skógum undir Eyjafjöllum (Páll Eggert Ólafsson, 1948). Var settur af 1357 sem officialis og afsalaði sér þá allri tign sem ábóti og fór í klaustur í Björgvin. Var skipaður aftur í ábótastétt 1358 af Eysteini munk Ásgrímssyni og Eyjólf Brandssyni sem sendir voru til að rannsaka kirkjustjórnina á Íslandi (Janus Jónsson, 1980, bls. 191). Ritaði sögu Guðmundar biskups Arasona og orti drápu um hann og annað kvæði um sama, þrjú erindi hafa varðveist (Biskupasögur II, 1878).
  - Árið 1316 gefur Árni bóndi Bárðarson með sér í próventu hálfa jörðina í Ásbjarnarnesi og 2/3 hluta í jörðinni Melalandi.
  - Árið 1363 gefur Benedikt Kolbeinsson ýmiskonar fémæti og 3 hluti í Hafnarlöndum á Skaga með öllum hlunnindum fyrir legstað í stöplinum á Þingeyrum þar sem segir að kona hans Borghildur hafi verið grafín. Einnig gefur hann klaustrinu á Stað í Reynisnesi kvikfé og peninga (Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 184–186).

- 1363–1385? Gunnsteinn ábóti (d. 1384 eða 1385).
- Árið 1385 fær Þingeyrarklaustur að gjöf frá Gunnari Þorkelssyni jörðina Hæl fyrir sáluhjálp og legstað að kirkjunni (Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 59).
- 1385–1402? Sveinbjörn Sveinsson ábóti, dó líklega í svarta-dauða 1402. Aðeins einn munkur lifði pestina af 1403.
- Frá árinu 1394 er til próventusamningur milli klaustursins og hjónanna Jóns Eyjólfssonar og Helgu Loðinsdóttur.
  - Árið 1397 gefur Benedikt Kolbeinsson klaustrinu jörðina á Gilsstöðum í Vatnsdal og einnig þrjú kúgildi (Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 335).
- 1403–1439 Ásbjörn Vigfússon ábóti.
- 1440–1488 Jón Gamla ábóti (d. 1488), sonur Gamla Marteinsonar. Var áður prestur (Janus Jónsson, 1980).
- 1488–1495 Ásgrímur Jónsson ábóti (d. 1495), áður munkur í sama klaustri. Systir hans var Agnes abbadís á Reynistað. Faðir hans var Jón sýslumaður (búland) Jónsson að Móbergi (Páll Eggert Ólafsson, 1948, bls. 97).
- 1500–1514 Jón Þorvaldsson prestur (d. 1514) varð próf 1495 síðan ábóti. Bróðursonur Ásgríms ábóta. Áður prestur á Höskuldsstöðum og ráðsmaður á Reynistað í 5 ár. Hann var ákærður fyrir margar sakir eins og að skíra barn ekki rétt og fleira.
- 1515–1516 Eiríkur Sumarliðason ábóti (d. 1516). Áður ráðsmaður að Hólum og prestur að Saurbæ í Eyjafirði. Hann er sonur Sumarliða Eiríkssonar "slógsnefs" á Grund (Loptssonar ríka) og Guðrúnar Árnadóttur frá Kalmanstungu, Jónssonar, Gilssonar (Páll Eggert Ólafsson, 1948). Átti í miklum deilum um Grundareignir við Finnboga lögmann Jónsson og fékk sér þær dæmdar af konungi 1507.
- 1519–1550 Helgi Höskuldsson, síðasti ábóti Þingeyrarklausturs. Átti í margvíslegum deilum við Jón Arason biskup. Gekk þrisvar til Rómar. Sagður hafa látið af starfi 1550 er enn á lífi 1552 (Páll Eggert Ólafsson, 1948).

Björn sonur Jóns Arasonar biskups á Hólum, prestur á Melstað, átti að taka við af Helga, en þá urðu siðskiptin og ekkert varð af því.

### 2.1.6. Reynistaður

Nunnuklaustur á Stað í Reynisnesi var stofnað 1295 af Jörundi Þorsteinssyni biskupi á Hólum ásamt Hallberu Þorsteinsdóttur. Það var rekið til siðskipta 1551 (Fornbr.safn 2. bindi bls. 300). Þar var Benediktsregla. Gissur jarl Þorvaldsson Gissurarsonar sem stofnaði Viðeyjarklaustur, gaf jörðina undir klaustur. Hann lést árið 1268 (Janus Jónsson,



1980, bls. 242). Gissur hafði keypt jörðina og bjó þar frá 1259. Hann var bróðursonur systranna Halldóru og Þuríðar sem voru nunnur að Kirkjubæjarklaustri og létust 1224, sem var sama ár bróðir þeirra keypti Viðey og stofnaði klaustur þar (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 89). Faðir þeirra Þorvaldur í Hruna hafði keypt Viðey 1224 og stofnað þar klaustur. Gissur ætlaði að gera eins og faðir hans að ganga í Viðeyjarklaustur árið 1267 sem kanoki en lést áður en það varð (Janus Jónsson, 1980, 242).

1298–1299     Katrín abbadís, hafði verið nunna á Munkaþverá, vangaveltur hafa verið um hún hafi verið sama konan og Hallbera og tekið Katrínarnafnið upp við vígslu (Ármann Jakobsson og fl., 1993).

1299–1330     Hallbera Þorsteinsdóttir (d. 1330), sama og stofnaði klaustrið. Hún var dóttir Þorsteins Halldórssonar prests í Saurbæ (Janus Jónsson, 1980, bls. 252). Hún var komin af Oddaverjum í móðurætt en móðir hennar var dóttir Sæmundar sonar Jóns Loftssonar (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 92).

1330           Nokkur nöfn eru nefnd í heimildum sem abbadísir; Kristín/Katrín/Guðrún og Guðný Helgadóttir (Bisk.s I, 872, 913). Sagt í Íslenskum annálum að systir Katrín hafi verið kjörin eftir Hallberu sem abbadís. Gæti hafa verið Guðný Helgadóttir sem tekið hafi upp nafnið Katrín.

1332–1369     Guðný Helgadóttir (d. 1369) sögð abbadís í Biskupasögum (Bisk.s I, 872, 913). Guðrún sögð hafa verið vígð sem abbadís 1332 í Árbókum Espolíns, en í Íslenskum annálum er systir Kristín vígð sem abbadís þar árið 1334 (Ísl. ann. bls. 238).

1369–89       Oddbjörg Jónsdóttir abbadís (d. 1389), áður nunna í Kirkjubæ.

– Brynjólfur ríki Bjarnason ráðsmaður 1378. Bóndi á Ökrum. Foreldrar voru Björn prestur Brynjólfsson og Ingunn Grímsdóttir, Einarssonar skikkjupeðs. Taldist til höfðingja á sinni tíð (Páll Eggert Ólafsson, 1948).

– Séra Þorleifur Bergþórsson ráðsmaður um 1380.

– Séra Jón Þórðarson ráðsmaður um 1386.

– 1373 gengur Ingibjörg Benediksdóttir í klaustrið. Dóttir Benedikts Kolbeinssonar, en hann gaf með henni reka sem kölluðust Ólufar-partar (Janus Jónsson, 1980, bls. 258).

Í tíð Oddbjargar gerðust systkinin séra Jón Bjarnason og Guðrún systir hans, próventufólk í klaustrinu á Reynistað. Þau borga með sér 27 kúgildi, 500 í hrossum og 1800 í heyjum (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 101).

1390–1402     Ingibjörg Örnólfsdóttir verður abbadís en deyr í svarta-dauða árið 1402. Hún var frá Staðarfelli á Fellsströnd. Faðir hennar hafði borgað með henni 40 hundruð í fríðu (æer og kýr) þegar hún gekk í klaustrið árið 1378 (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 100).

Í tíð Ingibjargar er vitað um tvö próventukaup, eitt við Loðin Skeggjason 1394, og gaf hann jörðina Heiði í Skörðum með sér. Hitt var við séra Arnór Jónsson sem gefur með sér 45 hundruða (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 106).

- 1394–1408 Björgólfur Illugason ráðsmaður. Var prestur í Hvammi í Laxárdal 1386 og Hrafnagili 1389.
- 1408–? Þórunn Ormsdóttir (d. 1432) príorinna frá 1408 (Janus Jónsson, 1980).  
– Þuríður Halldórsdóttir nunna á tíma Þórunnar stjórnar klaustrinu með Þórunni (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 124).
- 1413 Steinunn Björgólfsdóttir kemur í klaustrið. Hún er dóttir Björgólfs Illugasonar og Sigríðar Sæmundsdóttur. Gefin voru 50 hundruð með henni. Illugi bróðir hennar lagði Íbishól með sér í próventu 1427. Hann gaf einnig 5 kýr og tvö ásauðar kúgildi til legs en hann kaus sér leg í stöplinum (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 116).
- 1431 Vígðar átta nunnur af Jóni Vilhjálmsyni biskupi: Sigríður Sæmundsdóttir, Þóra Finnsdóttir (seinna príorinna), Steinunn Björgólfsdóttir, Þóra Illugadóttir, Helga Bjarnadóttir, Arndís Einarsdóttir, Agnes Jónsdóttir (seinna abbadís) og Þórdís Finnsdóttir.
- 1431 Þóra Illugadóttir nunna elur séra Þórði Roðbjartssyni barn. Hefur verið vígð þunguð. Hún var dóttir Illuga Björgólfssonar sem var ráðsmaður þó hann hafi ekki verið prestur (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 116).  
Þuríður Halldórsdóttir elur barn og kennir Þorláki Sigurðssyni bryta á Hólum það. Hún hafði verið lengi í klaustrinu.
- 1432 Vígir Jón Vilhjálmsson biskup Margréti Bjarnadóttur, sem var ekkja Hrafn Guðmundssonar lögmans og tekur 60 hundruð með henni. Gefur hún jörðina Hóla í Laxárdal auk tíu kúgilda fyrir sál Hrafn en hann hafði átt í deilum við Jón Vilhjálmsson biskup og dó í forboði kirkjunnar. Fyrir gjafir Margrétar hét biskup að syngja þrjátíu sálumessur fyrir sál Hrafn í dómkirkjunni á Hólum. Margrét hefur verið hátt sett kona þar sem henni er skipað „sæmilegt herbergi og þar til dygga þjónustukonu“ (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 125).
- 1431 Þóra Finnsdóttir (f. 1408) verður príorinna.
- 1432–1436 Illugi Björgólfsson ráðsmaður. Hann bjó á Vík sem er nálægt Stað.
- 1436 Nikulás Kálfsson tók við ráðsmennsku, hafði verið klausturprestur þar.
- 1440 Margrét Þorbergsdóttir nunna frá Kirkjubæ kemur í klaustrið eftir að því er virðist ósætti milli hennar og abbadísar þar (sjá kafla 2.2.11.).
- 1437–1460 Barbara verður abbadís (talin hafa dáíð 1460). Talið er að hún sé Þóra Finnsdóttir sem hefur tekið sér dýrlingsnafnið Barbara þegar hún vígðist sem abbadís (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 129).

- 1459 Sigurður Þorláksson ráðsmaður klaustursins. Sama ár er gerður próventusamningur við Helgu Finnisdóttur (líklega systir Þóru/Barböru) þar sem hún leggur til með sér 20 kúgildi og 10 hundruð í ófríðum peningum. Hún átti að fá í staðinn fæði og klæði og „litlu stofuna“ en kistu átti hún að útvega sjálf (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 138).
- 1461–1507 Agnes Jónsdóttir (d. 1507), fyrst príorinna síðar abbadís. Dóttir Jóns Jónssonar sýslumanns í Húnavatnsþingi og systir Þorvalds búlands (Páll Eggert Ólafsson, 1948). Annar bróðir hennar var Ásgrímur ábóti á Þingeyrum (Páll Eggert Ólafsson, 1948). Var abbadís til æviloka. Þegar hún var skipuð príorinna var biskup með skilmála að hún myndi sýna honum hlýðni og trúleik. Þeir voru: fari vel með fé klausturs, skipi ekki sjálf ráðsmann og geri ekki jarðaskipti án leyfis frá biskupi (Janus Jónsson, 1980).
- séra Jón Þorvaldsson ráðsmaður, var bróðursonur Agnesar og Ásgríms ábóta á Þingeyrum. Síðar ábóti á Þingeyrum 1514.
- 1500 Taldar upp nunnur í klaustrinu: Guðbjörg Pálsdóttir, Helga Þorkelsdóttir, Steinvör Guðólfsdóttir, Þorgerður Jónsdóttir, Þórdís systurdóttir Agnesar, Solveig Hrafnisdóttir, seinna abbadís
- 1508 Solveig Hrafnisdóttir (d. 1562) varð abbadís en hún hafði gengið til systralags við klaustrið 1493. Hún varð síðasta abbadís. Bróðir hennar var Brandur príor á Skriðu og bróðursonur Hrafn yngri lögmaður í Glaumbæ og tengdasonur Jóns biskups Arasonar. Er hún gekk í klaustrið í upphafi gaf hún með sér jörðina Skarð í Fnjóskadal.
- Margrét er nunna í tíð Solveigar en minnst er á hana í erfðaskrá Hrafn Brandssonar bróðursonar Solveigar.
- 1545 Veitir konungur Pétri Einarssyni klaustrið og átti hann að gjalda 6 vættir af smjöri árlega, sjá um nunnurnar og halda staðarhúsum vel við. Nunnurnar fengu að vera þar áfram þó klaustrið hafi verið lagt niður 1552 (Janus Jónsson, 1980).
- Gunnar bóndi Gíslason var ráðsmaður á Reynistað síðustu ár Solveigar abbadísar en hún lést 1562. Gunnar hélt staðinn eftir það og bjuggu nokkrar systur þar áfram.

### 2.1.7. Möðruvellir

Möðruvallaklaustur starfaði eftir Ágústínusarreglu 1295–1550. Ábóti átti að vera biskup [Hóla] en príorar stjórna helgisiðum og klausturlifnaði. Ráðsmaður skyldi sjá um fjármál (Janus Jónsson, 1980, bls. 256).

- 1295 Jörundur Þorsteinsson Hólabiskup stofnar, hafði keypt jörðina 1294. Hafði lært í klaustrinu í Þykkvabæ. Hann lagði mikið fé til klaustursins lét byggja þar kirkju 1302 eða 1303.

- 1296 Teitur príor, sá fyrsti, hann dó f. 1316
- 1316 Brann klaustrið og klausturkirkja með öllu skróði og klukkum að Möðruvöllum. Skipaði þá biskup munkum „á prestavistir“. Þorgeir varð þingaprestur í Lögmannshlíð, Þórður á Víðivöllum, Þorbjörn og Brandur fóru til Hóla en þeir létust þar. Ingimundur Skútuson fór til Noregs og gekk í klaustrið í Elgisetri [Helgeseter] (Janus Jónsson, 1980, bls. 257).
- 1326 Ákveðið að klaustrið yrði endurbyggt. Þorgeir príor settur af 1328 v. deilna við Lárentíus biskupum um lélega stjórnun á klaustrinu.  
– Þorkell Grímsson ráðsmaður.
- ?–1328 Þorgeir príor (vantar ár), hefur væntanlega verið tekinn við fyrir 1317.
- 1328–1330 Möðruvallamál; Þorgeir príor stóð í deilum við biskup á Hólum Lárentíus Kálfsson. Endaði með því að biskupinn tók lykla af príor nauðugum, sem og öll völd á Möðruvöllum.
- 1328–1352 Steindór (Steinþór?) Sökkason fyrst ráðsmaður og svo príor, bróðir Bergs sem var ábóti á Munkaþverá.
- 1325 Gerður sáttmáli um endurbyggð klausturs eftir að bræður neituðu að flytja klaustrið til Hóla, en það vildi biskup. Ormur Ásláksson biskup hét þá að fæða 5 bræður og þeirra þjónustumenn. Einnig tvo kennimenn skyldi hann fæða (Janus Jónsson, 1980, bls. 260).
- 1343 Þrír munkar á Möðruvöllum fangelsaðir fyrir sakir sem Ormur biskup gaf þeim.
- 1352–1372 Þórður Bergþórsson príor (d. 1372).
- 1361 Tekur Þorsteinn Hallsson Möðruvelli undir sig.
- 1372–1379 Erlendur príor Halldórsson, áður prestur.
- 1378–? Auðunn ráðsmaður.
- 1380 Snorri príor.
- 1392–1404 Sveinn Magnússon, prestur var ráðsmaður.
- 1421 Brotnaði kirkjan á Möðruvöllum í fárviðri (Ísl. ann. bls. 396).
- 1430 Jón biskup Vilhjálmsson selur á leigu Jóni Bjarnasyni staðinn á Möðruvöllum í 3 ár og skyldi hann leggja í leigu hvert ár 10 kúgildi, fæða prest og djákna og fæða og klæða tvo bræður og halda við klaustrinu (Finnur Jónsson, 1778, bls. 100).
- 1439–1492? Sigurður Jónsson príor, föðurafi Jóns biskups Arasonar. Hann hefur átt son sem hét Jón en um hann er getið þegar hann arfleiðir son sinn í samningi frá 1456 (Janus Jónsson, 1980, bls. 262).
- 1452 Sveinn Magnússon ráðsmaður.

- 1501 Nikulás Þormóðsson príor, getgátur voru um að hann ætti með Þóreyju tvo syni: Þorbjörn og Þorstein, en hann tekur stúlkuna að sér með synina.
- 1524–1540 Jón Finnbogason príor, síðasti príorinn (d. 1546). Var áður prestur í Múla 1491–1524. Hann var sonur Finnboga lögmans Jónssonar og Málfríðar Torfadóttur, Arasonar. Jón átti son sem hét Torfi og var prestur í Saurbæ (Janus Jónsson, 1980, bls. 263).
- 1554–1566 Björn Gíslason varð forstöðumaður við dauða Jóns, varð kapelán Jóns biskups Arasonar 1540, kirkjuprestur á Hólum 1544 og ráðsmaður 1546 þar, útvalinn biskupsefni og stýrði biskupsdæminu þar til Ólafur Hjaltason tók við. Fékk síðan Miklabæ í Blönduhlíð. Kona: Málfríður Torfadóttir (prests Jónssonar í Saurbæ, Eyjaf.) Börn: Hákon sýslumaður, Gísli lögréttumaður, Ingibjörg kona Jóns sýslumanns Vigfússonar, Elín kona Péturs Magnússonar í Siglúvík, Þórunn kona Magnúsar í Teigi Hjaltas. Launsynir: Árni í Vallholti og Séra Stígur í Miklabæ (Páll Eggert Ólafsson, 1948)
- 1566 Tók Halldór Benediktsson við klaustrinu og leigði á 100 dali (Finnur Jónsson, 1778).

### 2.1.8. Saurbær í Eyjafirði

Brandur Sæmundsson, sem var biskup að Hólum 1162–1201, er talinn stofnandi klaustursins. Klaustrið starfaði 1200–1224 en ekki er ljóst eftir hvaða reglu.

- 1200–1203 Þorkell Skúmsson fyrsti ábóti (d. 1203).
- 1206–1212 Eyjólfur Hallsson ábóti. Sonur Halls Hrafnssonar ábóta að Munkaþverá. Áður prestur að Grenjaðarstöðum. Synir hans voru Jón að Möðrufelli og Guðmundur (Páll Eggert Ólafsson, 1948).
- 1212–1224 Þorsteinn Tumason síðasti ábótinn (d. 1224) af Ásbirningaætt, launsonur Tuma Kolbeinssonar. Átti Ívar munk (líklega á Munkaþverá). Fyrri kona föður Þorsteins, og móðir Kolbeins Tumasonar, var Þuríður Gissurardóttir Hallssonar, en hún gerðist nunna á Kirkjubæjarklaustri á efri árum.

### 2.1.9. Munkaþverá

Rekið 1155–1550. Benediktsregla. Stofnandi var Björn Gilsson biskup. Nafnadýrlingar á 14. öld voru heilagur Nikulás og heilög Sesselja.

- 1155–? Höskuldur var fyrsti ábóti þar (Biskupssögur I, bls. 82).
- ?–1159? Nikulás Bergþórsson (d. 1159) ábóti, sá sem skrifaði *Leiðarvísi og borgarskipan*, sem var landfræði- og leiðarþók fyrir pílgrímsfara. Hann er sagður fyrsti ábótinn í ábótatali Hauks lögmans (Hið Íslenzka bókmenntafélag, 1857, bls. 28).

- 1162–1181 Björn Gilsson ábóti (d. 1181), bróðir Björns Hólabiskups. Er sagður Glúmsson í ábótatali Hauks lögmanns (Íslenskt fornbréfasafn, 1857, bls. 28).
- 1184–1190 Hallur Hrafnsson ábóti (d. 1190), sonur Hrafnis Úlfhéðinss. lögsögum. Gunnarssonar. Guðmundur Arason var hjá honum um skeið þegar var ungur. Sonur: Eyjólfur prestur, síðar ábóti í Saurbæjarklaustri 1206–1212.
- Ormur munkur, sonur Jóns Sigmundss, systursonur Björns Gilssonar ábóta.
  - Guðmundur Eyjólfsson munkur, áður bóndi á Helgastöðum, Reykjadal.
  - Þórður Þorgeirsson er nefndur sem munkur á Þverá, í Sturlungasögu (1906). Hann var sonur Þorgeirs Hallasonar sem bjó á Hvassafelli í Eyjafirði, og Hallberu Einarsdóttur af Reykjanesi (Sturlunga saga, 1906, bls. 120–123). Þórður eignaðist ekki börn og hann dó á Munkaþverá skv. Sturlungu.
  - Faðir Þórðar þ.e. Þorgeir Hallsson selur Hvassafell og ræðst til Munkaþverár 1166, sama ár og Kynjaveturinn varð (Sturlunga, 1906, bls. 131).
- 1190–1196 Einar Njálsson/Másson ábóti (d. 1196). Talið að Jórunn dóttir hans hafi gifst Styrmí Kárssyni/Kárasyni síðar príor í Viðey.
- 1196–1212 Ormur Skeggjason (d. 1222), af Svínfellinga og Skógverjaætt, frændi Björns Gilssonar. Hann var frændi Sigurðar Ormssonar Svínfellingss sem Guðmundur Arason fékk til að taka við Munkaþverárklaustri sem ráðsmaður, en þá voru húsín á staðnum í lélegu ástandi. Sigurður hafði haft mætur á staðnum en faðir hans hafði verið munkur þar (Janus Jónsson, 1980, bls. 202).
- 1212–1229 Ketill Hallsson (d. 1229) ábóti.
- 1229–1252 Árni Hjaltason ábóti, sonur Hjalta Klængssonar, Hallssonar Eldjárnssonar. Þorkell príor (d.1237).
- Ásgrímur munkur á Þverá, nefndur í brúðkaupinu þegar Flugumýrabrenna verður (Sturlunga saga, 1906, bls. 196).
  - Þórólfur munkur, ölgerðarmaður, kemur fyrir í frásögn af Flugumýrabrennu (Sturlunga saga, 1906, bls. 196).
- 1254–1293 Eyjólfur Brandsson ábóti (d. 1293), sonur Valla Brandar Eyjólfssonar. Reyndi oft að ná sáttum á með höfðingjum landsins (Páll Eggert Ólafsson, 1948, bls. 452). Hann reyndi að sætta Gissur Þorvaldsson og brennumenn á Flugumýri.
- 1293–1296 Ljótur Hallsson. Í hans tíð var Katrín nunna, sú sem var fyrsta abbadís að Reynistað (Bisk.s. I, 376).
- 1298–1316/20 Þórir Haraldsson ábóti. Settur af sem ábóti 1316 eða 1320 af Auðunni biskupi. Í Rímbeglu er hann sagður hafa ríkt til 1323 (Hið Íslenska Bókmenntafélag, 1857, bls. 310). Hafði staðið í deilum við Lárentíus Kálfsson biskup vegna legstaðar Solveigar Jónsdóttur sem druknað hafði í Hörgá. Samningar höfðu náðst með

- hjálp Jörundar biskups og bróður Birni. 1312 bauð hann Lárentíusi Kálfssyni til sín þegar hann átti hvergi athvarf, gegn því að Lárentíus skyldi kenna bræðrum og klerkum í 12 mánuði [hefur verið áður en Lárentíus varð biskup].
- 1310 Brandur vígður til ábóta (stemmir ekki við tímenn sem Þórir var settur af. Gæti hafa leyst Þóri af).
- 1325–1334 Bergur Sokkason, sonur Sokka Steindórssonar og Þuríðar Einarsdóttur í Garðsvík, Ormssonar Ögmundssonar sneiss (Páll Eggert Ólafsson, 1948, bls. 150). Munkur á Þingeyrum 1316, príór að Munkaþverá og vígðist ábóti þar 1325, hætti vegna lítillætis 1334 en tók við aftur 1345. Víst er að formáli að Nikulássögu sé eftir hann og kannski sagan sjálf.
- 1334–1339 Björn Þorsteinsson vígður ábóti, hafði verið munkur á Þingeyrum og seinna príór þar (Janus Jónsson, 1980, bls. 205).
- 1339–1345 Stefán Gunnlaugsson ábóti. Faðir hans talinn sonur Úlfs Þórðarsonar kakala. Varð ábóti á Þingeyrum 1345.
- 1345–1350 Bergur Sokkason ábóti tekur aftur við klaustrinu á Munkaþverá, en hann hafði verið ábóti þar 1325–1334.
- 1350–1370 Hafliði ábóti.
- 1370–1379 Árni skáld Jónsson ábóti, hann fór utan 1379 og ekki vitað meira um hann. (Páll Eggert Ólafsson, 1948, bls. 52). Orti drápu um Guðmund Arason biskup.
- 1379–1385 Þorgils ábóti, settur af.
- 1385–1393 Hallur ábóti, sem hafði verið munkur á Þingeyrum. Sagði af sér 1393 og óskaði eftir að fara aftur til Þingeyra (Janus Jónsson, 1980, bls. 205).
- 1394–1402 Hallur vígður ábóti skv. Ísl annálum og Hist eccl. IV hafi dáið í svarta-dauða 1402 eða 1403.
- 1429 Brann klaustrið og kirkjan og allt góss (Nýi annáll). Tveir klerkar létust og Þorgils, sem varð seinna ábóti slasaðist.
- 1429–1434 Þorgils varð ábóti (d. 1434), hafði verið áður príór. Skaðaðist í brunanum 1429. Hann hafði haft umsjón með klaustrinu á þeim tíma sem bruninn varð (Janus Jónsson, 1980, bls. 206).
- 1435/9–1487 Einar Ísleifsson ábóti. Sonur Ísleifs beltislausar Steingrímssonar og Elínar blátannar Þorsteinsd. Ömmubróðir Jóns Arasonar biskups. Var orðinn prestur og munkur 1434. Klaustrið eignaðist margar jarðir og skóga í tíð hans
- 1487 Eiríkur Einarsson prestur á Grenjaðarstað bað um ábótadæmið á Þverá en biskup neitaði fyrst en lét hann síðan fá forráð yfir klaustrinu. En sama veturinn eignaðist Eiríkur barn svo hann missti forráðin (Janus Jónsson, 1980, bls. 208).
- 1488–1494 Jón (d. 1494).

- 1495–1524 Einar Benediktsson ábóti. Faðir: Benedikt Jónsson. Er prestur á Hólum 1466 og Grenjaðarstöðum 1471. Ólafi biskup fannst hann ekki halda skilmála þá er fylgdu staðarveislu og kom til dóms 1479. Mun hafa misst staðinn en fékk fljótlega Skinnastaði til 1495 þegar hann varð ábóti. Börn með Guðrúnu Torfadóttur (Arasonar hirðstjóra): Finnbogi ábóti á Munkaþverá, og líklega Ólöf sem fylgdi síra Pétri Pálssyni seinna ábóta Munkaþverá (Páll Eggert Ólafsson, 1948, bls. 338).
- 1524–1529 Finnbogi Einarsson (d. 1532), sonur Einars Benediktssonar og Guðrúnar dóttur hirðstjóra á Ökrum, fylgikonu Einars. Dóttir hans hét Guðrún og fylgdi hún Sigurði Þorsteinssyni presti. Þeirra sonur var Einar prestur í Heydölum, faðir Odds biskups (Janus Jónsson, 1948, bls. 210).
- 1532–1546 Pétur Pálsson ábóti (d. 1546). Átti börn með Ólöfu Einarsdóttur ábóta Benediktssonar.
- 1546–1551 Tómas Eiríksson síðasti ábótinn, talinn sonur Eiríks sem vildi verða ábóti 1487. Átti börn með Þóru Ólafsdóttur, stjúpdóttur Jóns Arasonar. Hafði verið prestur að Mælifelli og ráðsmaður á Hólum (Janus Jónsson, bls. 212).
- Ívar Þorsteinsson munkur (Tumasonar á Saurbæ d. 1224)
- Við siðskiptin veitti konungur Ormi Sturlusyni, lögmanni, klaustrið en Jón Arason biskup hleypti honum ekki að því. Ormur tók klaustrið á leigu eftir að Tómas ábóti hafði svarið konungi hollustueið á Oddeyri 1551 (Janus Jónsson, 1980, bls. 212).

### 2.1.10. Skriðuklaustur

Árið 1493 var stofnað Ágústínusarklaustur af Stefáni Jónssyni biskup í Skálholti (1491–1518). Hann var sonur Jóns Egilssonar, bryta í Skálholti. Hallsteinn Þorsteinsson og Sesselja Þorsteinsdóttir kona hans höfðu gefið jörðina til klausturstofnunar. Þetta var fyrsta klaustrið norðan við Vatnajökul og rekið til 1554. Það var helgað Maríu mey, guði almáttugum og hinu heilaga blóði.

- 1496–1506 Narfi Jónsson varð fyrstur príor. Fer síðan sem ábóti að Þykkvabæ 1506–1509.
- 1498 – var einn munkur í klaustrinu sem hét Jón.
- 1506–1530 Þorvarður Helgason (d. 1529) príor, áður prestur á Valþjófsstað
- 1530–1534 Jón Markússon (d. 1534) príor, áður prestur að Vallanesi.
- 1534–1552 Brandur Hrafnsson príor, bróðir Solveigar sem var abbadís á Reynistað. Brandur varð tengdafaðir Þórunnar Jónsdóttur, Arasonar biskups.. Árið 1542 kemur Gissur Einarsson biskup því í kring að konungur skikkar klaustur á Íslandi að halda skóla. Hann sendir bréf í nóvember 1542 þess efnis að klaustrin á Skriðuklaustri, Kirkjubæ og Þykkvabæ haldi barnaskóla. Einnig segir hann



klaustrin í Viðey og Helgafelli eigi að gera það sama. Konungur afturkallar bréf sitt um skóla í Viðey í desember sama ár (Ísl. fornbréfas. XI, 1915–1925, bls. 177; Heimir Steinsson, 1965, bls. 91; Janus Jónsson, 1980, bls. 265).

1542–1544 Voru í klaustrinu auk Brands þríors, munkarnir: Ólafur, Brandur, Magnús, Þorsteinn.

### 2.1.11. Kirkjubæjarklaustur

Klaustrið á Kirkjubæ var stofnað 1186 og var það nunnuklaustur af Benediktsreglu. Á þeim tíma var Þorlákur „helgi“ Þórhallsson biskup í Skálholti. Voru lagðar til eignir Bjarnhéðins Sigurðssonar prests (d. 1173), sem var vinur Þorláks frá því á Þykkvabæ (Jónas Guðlaugsson a, 1967, bls. 612).

1189–1210 Halldóra Eyjólfsdóttir abbadís (d. 1210). Hugsanlega var hún dóttir Eyjólfssonar prests í Odda, en Þorlákur var mikið þar á yngri árum. Sokki Eyjólfsson var bróðir hennar (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 22). Halldóra hafði á alþingi boðið séra Guðmundi [á Völlum] að koma og vera með henni í forystu klaustursins. Hann bað Pál Jónsson Skálholtsbiskup um leyfi til að flytjast í hans biskupsdæmi. Einnig fékk hann leyfi Brands Hólabiskups til að fara úr hans biskupsdæmi. Þegar hann var farinn fengu Svarfdælingar Brand til að afturkalla leyfið og Guðmundur varð að snúa aftur (Janus Jónasson, 1980, bls. 237).

Tvær systur Magnúsar Skálholtsbiskups (vígður 1216), gerast nunnur á Kirkjubæjarklaustri. Bróðir þeirra, Þorvaldur, varð kanoki í Viðeyjarklaustri 1226–1235:

- Þuríður Gissurardóttir (d. 1224) Hallssonar lögsögumanns í Haukadal. Hafði verið gift Tuma Kolbeinssyni á Víðimýri og síðar Sigurði Ormssyni á Svínafelli. Sonur hennar Kolbeinn Tumason féll 1208, hugsanlega gengur hún í klaustur eftir dauða hans (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 26).
- Halldóra Gissurardóttir (d. 1224) Hallssonar lögsögumanns í Haukadal, móðir Teits Bersasonar biskupsefnis í Skálholti. Hún varð ekkja 1204 og hefur líklega gengið í klaustur þá (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 26).

?–1217 Guðrún príórinna hin yngri (d. 1217), ekki vitað hvenær hún vígðist príórinna.

1218 Skálholtsbiskup tekur undir sig staðinn og skipar staðarhaldara. Digur-Helgi Þorsteinsson var líklega fyrsti staðarhaldarinn.

ca. 1250 Ögmundur sonur Digur-Helga var staðarhaldari og hefur verið kominn í það starf talsvert fyrr. Kvæntur Steinunni Jónsdóttur frá Svínafelli. Hún var systir Brands ábóta í Þykkvabæjarklaustri sem seinna varð biskup í Skálholti (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 30).

Á þessum tíma voru í klaustrinu: Þormóður staðarprestur, Hjalti prestur, Sæmundur prestur, Arnbjörg Ögmundsdóttir, dóttir þeirra Ögmundar staðarhaldara og Steinunnar Jónsdóttur.

– Arnór skull, prestur, staðarhaldari.

1285 Þá deyr Þuríður prýorissa en ekki er vitað hver var á undan henni (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 33).

– í tíð Þuríðar voru þrjár systur Árna biskups Þorlákssonar (Skálholtsbiskup 1269–1298). Þau systkin ólust upp á Svínafelli:

– Þorgerður, var tvígift. Seinni maður var Klængur Teitsson. Hann gekk í Viðeyjarklaustur á sama tíma og Þorgerður fór í Kirkjubæjarklaustur (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 33).

– Guðrún, var tvígift eins og Þorgerður. Hún gekk í klaustur eftir lát seinni mannsins sem var Hafur-Björn Styrkársson. Höfðu þau búið á Seltjarnarnesi (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 33).

– Ásbjörg, hafði verið húsfreyja að Skál sem er rétt vestan við Kirkjubæ fyrir Skaftárelda 1783 og færður upp í hlíðina eftir gosið. Hennar maður var Helgi Loftsson og eignuðust þau Árna sem varð Skálholtsbiskup (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 33).

1293–1342 Agatha Helgadóttir (d. 1342 eða 43) systir Staða-Árna, biskups, Helgasonar.

1342 Jórunn Hauksdóttir lögmanns Erlendssonar vígð abbadís, tekur sér dýrlingsnafnið Agnes. Foreldrar voru Steinunn Óladóttir og Haukur Erlendsson lögmaður sem skrifaði Hauksbók (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 40).

– Katrín nunna, sögð brennd fyrir að varpa vígðu brauði um náðhúsop og leggjast með mörgum leikmönnum. Katrín á að hafa verið jörðuð uppi á Systrastapa ásamt annarri nunnu. Á sú átt að hafa skrifað fjandanum bréf og var svipt nunnutign og síðan brennd. Ekki er vitað fyrir vissu hve satt er í þessu og eru þetta allt mjög þjóðsagnarkenndar frásagnir. Gerði Bjarni F. Einarsson rannsókn á þústum sem eru uppi á stapanum og eru þær þrjár en ekki tvær. Komst hann að því að þær voru náttúrulegar og taldi að sagnirnar af aftökum nunnanna hafi blandast við sagnir af öðrum aftökum (Bjarni F. Einarsson, 2006, bls. 167–169). Ekki voru nein lög um dauðarefsingar hér á landi á kaþólskum tíma; hvorki guðslög né landslög (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 41).

– Oddbjörg systir úr Kirkjubæ gerðist abbadís á Reynistað 1369–89

1386 Systir Guðný hin haga andast að Kirkjubæjarklaustri (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 45).

1389 Systir Þuríður andast að Kirkjubæjarklaustri (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 46).

- 1387 Þorgerði vikið frá völdum af Mikhael Skálholtsbiskupi sem rak presta víða, haldinn ofsóknarbrjálæði!
- 1387–1403 Hallóra Runólfsdóttir, andaðist af svarta-dauða ásamt 7 systur, en 6 lifðu eftir.
- 1406–1430 Guðrún Halldórsdóttir abbadís.
- Í tíð Guðrúnar hafa samskipti verið með nunnuklaustrunum. Margrét Þorbergsdóttir var nunna í 5 ár að Kirkjubæ og fór til Reynistaðar eftir að hafa lent saman við Guðrúnu abbadís (meira um þetta í Anna Sig., 1988, bls. 56–58)
- Ingveldur (áður nefnd Arnleif) nunna.
  - Bright nunna.
- 1440 ca. Guðrún.
- 1442 Halldóra sögð vera abbadís (Páll Eggert Ólafsson, 1949, bls. 278).
- 1488 Oddný abbadís.
- séra Sveinn Jónsson ráðsmaður (Janus Jónsson, 1980, bls. 239).
- 1491 Þórarinn Oddsson prestur skipaður ráðsmaður af Stefáni biskupi í Skálholti .
- 1493–1554 Halldóra Sigvaldadóttir síðasta abbadís klaustursins. Systir hennar var Geirþrúður kona N. Lögmans (Árni Magnússon, 1921–1923, bls. 39). Halldóra tók bróðurdóttur sína í klaustrið sem nunnu (Oddnýju) og bróður hennar, Gissur Einarsson seinna biskup, tók hún undir sinn verndarvæng og menntaði í klaustrinu en hann fékk einnig menntun hjá Árna ábóta í Veri sem Þykkvabæjarklaustur var oft kallað (Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 64; Janus Jónsson, 1980, bls. 239). Þegar Gissur var orðinn hallur undir Lútherstrú vildi Halldóra ekki veita honum athvarf (Janus Jónsson, 1980, bls. 239).
- Nunnur í tíð Halldóru: Guðríður, Oddný Einarsdóttir, Arnleif [gæti verið ruglingur við Ingveldi hér fyrir ofan sem hét Arnleif], Ástríður, Margrét og Valgerður.

Við siðskiptin vildi konungur stofna skóla að Kirkjubæ 1542 en ekkert varð af því. Hann sá fyrir þeim systur sem eftir voru í klaustrinu og leyfði þeim að búa þar áfram.

### 2.1.12. Þykkvabæjarklaustur

Klaustrið í Þykkvabæ var stofnað árið 1168 sem kanokasetur og var oftast kallað í Veri. Þar var Ágústínusarregla. Var það fyrsta klaustrið í Skálholtsumdæmi fyrir utan Bæ og Hítardal, sem störfuðu bæði stutt, en Hítardalsklaustur hefur verið starfandi enn á þessum tíma.

Þorkell Geirsson (d. 1187), ríkur maður en erfingjalaus sem bjó á Þykkvabæ í Veri gaf jörðina undir klaustur.

- 1168–1175 Þorlákur helgi Þórhallsson, vígðist fyrst sem kanoki og síðan príor. Vígðist sem ábóti af Klæng biskupi. Varð Skálholtsbiskup 1175.
- 1178–1197 Guðmundur Bjálfason (d. 1197), Þorlákur helgi vígði hann ábóta, en þá var Þorlákur orðinn biskup.
- 1197–1221 Jón Loftsson (d. 1224), sagði af sér 1221 (Janus Jónsson, 1980, bls. 218).
- 1224–1230 Hallur Gissurarson (d. 1230) ábóti, bróðir Magnúsar biskups í Skálholti. Áður á Helgafelli. Var lögsögumaður 1201–09, sagði af sér og gekk í klaustur og varð ábóti að Helgafelli 1221. Dóttir hans og Herdísar konu hans: Hallfríður, launsonur: Magnús prestur d. 1245 (Páll Eggert Ólafsson, 1949, bls. 297).
- 1232–1247 Arnór Özurarson, sagði af sér ábótadæmi 1247.
- 1248–1262 Brandur Jónsson, af Svínfellingakyni í föðurætt og Ásbirningaætt í móður, kominn af Brandi Sæmundssyni Hólabiskupi. Sonur Jóns Sigmundssonar og Halldóru Arnórsdóttur sem var dótturdóttir Brands Sæmundssonar biskups. Brandur Jónsson var í Skálholti 1238, var kjörinn biskup á Hólum 1262 (d. 1264).
- 1264–1307 Runólfur Sigmundsson, bróðursonur Brands ábóta. Var mikill stuðningsmaður Árna biskups Þorlákssonar í deilu um kirkjustaði við Eirík Noregskonung „prestahatara“ sem skipaði leikmönnum forráð kirkna sinna 1283.
- 1307–1314 Loðmundur (d. 1313).
- 1314–1354 Þorlákur "helgi" Loftsson, sonur Lofts Helgasonar, bróður Árna Skálholtsbiskups. Móðir hans: Borghildur dóttir Eyjólfss ofsa Þorsteinssonar og Þuríðar Sturludóttur Sighvatssonar. Mikill vinur Staða-Árna Þorlákssonar. Tók til sín Lárentíus Kálfsson 1309, sem var landflótti, og fékk hann til að kenna klerkum og bræðrum þar í 12 mánuði. Fór með Jóni biskupi Halldórssyni tvisvar norður í land til að ná sáttum með ábóta og munkum við fyrrnefndan Lárentíus Hólabiskup í Möðruvallamáli (Janus Jónsson, 1980, bls. 222).
- 1343 Eysteinn Ásgrímsson, Magnús og Arngrímur munkar voru fangelsaðir af Jóni Sigurðssyni biskupi en þeir höfðu barið ábótann Þorlák svo hann flúði klaustrið 1342.
- 1354–1377 Eyjólfur Pálsson ábóti (d. 1378), talinn sonur Páls Oddssonar riddara Þorvarðarsonar af Svínfellingaætt. Hafði verið prestur og ráðsmaður í Skálholti.
- 1378–1403 Runólfur Magnússon ábóti, dó í svarta-dauða 1403. Þá dóu sex bræður en aðrir sex lifðu (Jónas Guðlaugsson, 1966, 296).
- 1416–1422 Jón Hallfreðarson ábóti, fírst í skipskaða við Þerneyjarsund 1422.
- 1427–1430 Jón Þorfinnsson ábóti.
- 1430– Jón Vilhjálmsson ábóti.
- 1448–1461? Kolbeinn ábóti.

- 1461–1492 Bárður Auðunarson ábóti.
- 1495–1506? Guðmundur Sveinsson ábóti.
- 1506–1509 Narfi Jónsson, líklega Narfasonar Sveinssonar. Var príor á Skriðu til 1506.
- 1515–1520 Árni Steinmóðsson, sonur Steinmóðs Þorvarðssonar Steinmóðssonar ábóta í Viðey. Var ábóti til æviloka (1520). Hjá honum var Gissur Einarsson biskup.
- 1520–1523 Ábótalaust í 3 ár.
- 1523–1526 Ko[Hal]lgrímur Koðránsson, áður officialis eystra, fékk Valþjófsstað 1500 og Vallanes 1514. Sonur Ögmundar biskups var hjá honum í klaustrinu sem aðstoðarmaður og skipstjórnarmaður. Hét hann Eyjólfur, lést hann í vísitasíu með biskupi í Reykholti er hann fékk í sig lensuodd sem hann sjálfur var með (í ölaði).
- 1527/30–1548 Sigurður Halldórsson ábóti. Hann fékk Gissur Einarsson til að kenna sér og klerkum sínum eftir að Gissur kom frá útlöndum og dvaldi hann í tvö ár í Þykkvabæ. Þá var kunnugt að hann hafi hneigst til kenninga Lúthers og fékk Gissur hvergi hæli meðal heldri manna í landinu.
- 1540 Þegar Gissur var orðinn biskup voru auk Sigurðar ábóta í klaustrinu munkarnir: Jón Árnason, Jón Oddson, Magnús, Jón Grímsson og Sæmundur.

### 2.1.13. Keldur á Rangárvöllum

Ekki er vitað hve lengi klaustrið starfaði að Keldum en talið er að það hafi verið um sjö ár. Húsin stóðu þó í hið minnsta til 1222 þegar viðunum úr þeim var skipt á milli sona Sæmundar sonar Jóns. Hafði Sæmundur látið gera við húsin og kirkjuna áður (Biskupasögur II, bls. 181).

1190– ~1222 Jón Loftsson í Odda stofnaði klaustur að Keldum um 1190. Fylgikona Jóns var Ragnheiður Þórhallsdóttir systir Þorláks biskups helga. Eignuðust þau m.a. Pál Skálholtsbiskup og Orm Breiðdæling á Breiðabólstað. Jón var andstæðingur Þorláks helga (biskup 1178–1193) í Staðarmálunum fyrri. Þeir höfðu átt í deilum einnig vegna kvennamála Jóns en hann átti börn í lausaleik með nokkrum konum, m.a. systur Þorláks eins og áður greindi. Jón lést að Keldum 1.11. 1197.

– Páll Jónsson, síðar biskup í Skálholti hefur líklega verið príor. Talið er að hann hafi vígt klaustrið.

– Sveinn Pálsson varð síðar príor en innsigli hans fannst sem lausafundur á Keldum (Matthías Þórðarson, 1909, bls. 33).

### 3. Tengslanet og samskipti

Fyrsta klaustrið var stofnað á 11. öld, eða aðeins 30 árum eftir að kristni var lögtekin í landinu. Það var á Bæ í Borgarfirði. Það var áður en biskupsstóll var settur á Íslandi og var því undir stjórn norskra kirkjuyfirvalda. Á 12. öld voru flest klaustrin stofnuð, eða átta talsins, en þau voru flest starfandi sjö á sama tíma þá. Síðan á 13. öld voru stofnuð fjögur, ekkert á 14. öld en eitt á 15. öld og var það síðasta sem stofnað var á kaþólskum tíma. Samskipti þeirra á milli voru alltaf einhver en misjöfn eftir tímabilum og tengslum (sjá mynd 2) milli einstaklinganna sem voru við stjórnvölinn, bæði milli klaustranna og milli biskupa og klaustra. Ábótar skiptu um ábótadæmi í klaustrum oft og munkar unnu sig upp í að verða ábótar, og nunnur abbadísir. Enn aðrir ábótar gerðust munkar eftir ábótadæmið.


Á 12. og 13. öld er mikil hreyfing á milli flestra klaustra og ekki áberandi mikið milli einhverra tveggja. Arnór sonur staðarhaldarans á Kirkjubæ verður fyrsti ábótinn Viðeyjarklaustri. Hreinn Styrmisson er ábóti fyrst í Hítardal og síðan á Þingeyrum. Styrmir Kárason er fyrst á Þingeyrum (hugsanlega sem leikmaður) og verður síðan príor í Viðey. Nokkrir koma frá Hólum til starfa á Þingeyrum.

Á 14. öld voru mikil samskipti milli Þingeyra og Munkaþverár. Munkar fluttust mikið þar á milli. Guðmundur ábóti á Þingeyrum varð munkur á Munkaþverá eftir ábótadæmið. Bergur Sokkason verður ábóti að Munkaþverá eftir að hafa verið munkur á Þingeyrum og síðan var það öfugt en bæði Björn Þorsteinsson og Stefán Gunnlaugsson voru ábótar að Munkaþverá áður en þeir urðu ábótar að Þingeyrum. Einn ábóti á Helgafelli, Þorkell, hafði verið kanoki í Viðey áður. Mikil tengsl eru á milli Þykkvabæjar og Viðeyjar á 14. öld en flest eru það menn sem hafa fengið menntun í Þykkvabæ að fara til starfa í Viðey.

Í Skálholtsbiskupsdæmi eru menn greinilega að fá menntun í Þykkvabæ áður en þeir fara til starfa í klaustrunum. Það breytist síðan á 15. öld þegar þeir virðast frekar fá menntun í Skálholti.

Nokkur dæmi eru um systkini sem eru við stjórnina í munnka- og nunnuklaustrum. Systkinin Ásgrímur og Agnes Jónsbörn stjórna Þingeyrarklaustri og Reynistaðarklaustri á svipuðum tíma í lok 15. aldar. Önnur systkin stjórna Reynistað og Skriðu á 16. öld. Það voru þau Solveig og Brandur Hrafnabörn og urðu þau bæði síðustu

stjórnendur í þessum klaustrum þegar siðskiptin urðu. Systkini eru einnig í hópi munnka og nunna. Systur Magnúsar Skálholtsbiskups, Gissurarsonar gerast nunnur á Kirkjubæjarklaustri í kringum 1200. Bróðir þeirra Þorvaldur er kanoki í Viðeyjarklaustri á svipuðum tíma. Systur Skálholtsbiskupa, þeirra Árna Þorlákssonar og Árna Helgasonar voru í Kirkjubæjarklaustri á 13. öld. Þrjár systur Árna Þorlákssonar voru þar og ein systir Árna Helgasonar.



Mynd 2. Flutningar og tengsl klausturfólks

Svarti-dauði hefur haft mjög mikil áhrif í klaustrunum eins og annars staðar í samfélaginu. Oftar er getið í heimildum um fyrri faraldinn sem varð 1403–4. Sjaldnar er minnst á þann síðari sem varð 1495–96. Ekki er ljóst hvort minni skaði hafi orðið af honum eða hvort skorti heimildir. Í flestum klaustrunum deyja ábótar eða abbadísir og fleiri vígðir. Í bæði Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustri deyja um helmingur vígðra í fyrri faraldri svarta-dauða. Í seinni faraldinum, létust að minnsta kosti ábótarir í Viðey og Þingeyrum.


## Heimildir

- Anna Sigurðardóttir. (1988). *Allt hafði annan róm áður í páfádóm*. Reykjavík. Kvennasögusafn Íslands.
- Ármann Jakobsson og Ásdís Egilsdóttir. (1993). *Abbadísinn sem hvarf. Í Guðvarður Már Gunnlaugsson og Gísli Sigurðsson (ritstjórar), Þúsund og eitt orð: sagt Sigurgeiri Steingrímssyni fimmtugum 2. október 1993 (bls. 7–9)* Reykjavík: Menningar og minningarsjóður Mette Magnussen.
- Árni Daníel Júlíusson. (2014). *Jarðeignir kirkjunnar 1000–1550 og tekjur af þeim*. Reykjavík: Center for Agrarian Historical Dynamics.
- Árni Magnússon. (1921–1923). *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr*. Reykjavík. Sögufélag.
- Biskupasögur I*. (1858). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Biskupasögur I*. (2003). Jónas Kristjánsson (ritstj.). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Biskupasögur II*. (1878). Kaupmannahöfn. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Bjarni F. Einarsson (2006). *Systrastapi. Dynskógar 10*. Vík: Sögufélag Vestur-Skaftfellinga
- Finnur Jónsson. (1778). *Historia ecclesiastica Islandiae*. Havniae: Gerhardus Giese Salicath.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. (2006). *Biskupsstóll í Skálholti*. Í Gunnar Kristjánsson (aðalritstjóri) og Óskar Guðmundsson (ritstjóri), *Saga biskupsstólanna* (bls. 21–28). Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.
- Heimir Steinsson. (1965). *Saga munklífis að Skriðu í Fljótsdal*. Óútgefið sérefnisritgerð til embættisprófs við Guðfræðideild Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Hermann Pálsson. (1967). *Helgafell. Saga höfuðbóls og klausturs*. Snæfellsnes II (ritsafn). Reykjavík: Snæfellingaútgáfan.
- Íslenskir annálar 803–1430*. (1847). Kaupmannahöfn: Sumptibus Legati Arnæ-Magnæani.
- Íslenskt fornbréfasafn I 834–1264*. (1857–76). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenskt fornbréfasafn III 1269–1415*. (1857). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Janus Jónsson. (1980). *Um klaustrin á Íslandi*. Ljósprentun úr *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* (bls. 174–265). 8. Árg. 1887. Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jón Jóhannesson. (1956). *Íslendinga saga I. Þjóðveldisöld*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jón Þ. Þór. (2006). *Saga biskupsstóls í Hólum í Hjaltadal*. Í Gunnar Kristjánsson (aðalritstjóri) og Óskar Guðmundsson (ritstjóri), *Saga biskupsstólanna* (bls. 245–396). Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.



- Jónas Guðlaugsson. (1966). Þingeyrarklaustur. *Alþýðublaðið-Sunnudagsblað*. XI árg. 8. tbl. 183–299.
- Jónas Guðlaugsson. (1966). Helgafellsklaustur. *Alþýðublaðið-Sunnudagsblað*. XI árg. 14. tbl. 319–322, 334–335.
- Jónas Guðlaugsson a. (1967). Kirkjubæjarklaustur. *Tíminn-Sunnudagsblað*. VI árg. 26. tbl. 612–616.
- Jónas Guðlaugsson b. (1967). Viðeyjarklaustur. *Tíminn-Sunnudagsblað*. VI árg. 27. tbl. 628–646.
- Kristian P.E. Kålund. (1877–1882). *Bidrag til en historisk-topografisk beskrivelse af Island*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Lára Magnúsdóttir. (2007). *Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275–1550. Lög og rannsóknarforsendur*. Doktorsritgerð Háskóla Íslands, hugvísindadeild. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Matthías Þórðarson. 1909. Klaustrið að Keldum (bls. 32–33). *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.
- Páll Eggert Ólafsson. (1948). *Íslenskar æviskrár I. Bindi*. Reykjavík. Hið Íslenska Bókmenntafélag.
- Páll Eggert Ólafsson. (1949). *Íslenskar æviskrár II. bindi*. Reykjavík. Hið Íslenska Bókmenntafélag.
- Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta I*. (1853). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta II*. (1886). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigurður Línal. (2012). *Réttarsögubættir*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

# Viðauki



Mynd 3. Tímaás sem sýnir starfstíma klaustranna